

Dómsmálaráðherra
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2026

Valfrjáls bókun við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindastofnun Íslands og umboðsmaður barna fagna því að Ísland hafi nýlega fullgilt valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Á sama tíma vaknar þó sú spurning hvers vegna Ísland hafi ekki samhliða því fullgilt sambærilega bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn).

Þriðja valfrjálsa bókunin við Barnasáttmálann var samþykkt árið 2011 og tók gildi árið 2014. Alls hafa 53 ríki fullgilt bókunina, þar á meðal Danmörk og Finnland. Ísland hefur hvorki undirritað né fullgilt bókunina. Bókunin er sambærileg fyrrnefndri bókun við SRFF og felur í sér að börn eða fulltrúar þeirra geti leitað til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ef þau telji brotið á réttindum sínum samkvæmt Barnasáttmálanum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Umboðsmaður barna hefur um langan tíma lagt áherslu á að þriðja valfrjálsa bókunin við Barnasáttmálann verði fullgilt hér á landi. Þá skrifuðu umboðsmenn barna á Norðurlöndunum undir sameiginlega yfirlýsingu 28. október 2014 um mikilvægi þess að Norðurlöndin fullgildi bókunina.

Íslenska ríkið hefur fengið ýmis tilmæli og athugasemdir frá alþjóðlegum eftirlitsaðilum um að fullgilda bókunina, þar á meðal frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þá samþykkti Ísland í síðustu allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála að fullgilda bókunina. Einnig má nefna að í *Þingsályktun nr. 28/151 um Barnvænt Ísland - framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* var kveðið á um að bókunin skyldi fullgilt fyrir árslok 2023.

Umboðsmaður barna og Mannréttindastofnun Íslands skora á dómsmálaráðherra að vinna að því að bókunin verði fullgilt sem allra fyrst. Ísland er þegar aðili að ýmsum sambærilegum kvörtunarleiðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Börn eru sérstaklega viðkvæmur þjóðfélagshópur og er því erfitt að sjá rökin fyrir því að þeim sé ekki veitt sambærilegt tækifæri og öðrum til að leita réttar síns.

Í ljósi þess sem að framan greinir er óskað svara við eftirfarandi spurningum:

- 1) Er stefnt að því að fullgilda þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann og ef svo er, hvenær er fyrirhugað að því verði lokið?
- 2) Ef ekki, hvaða ástæður eru fyrir því að ekki sé stefnt að því að fullgilda bókunina með sama hætti og sambærilega bókun við SRFF?

Óskað er eftir því að svör berist á netföngin mannrettindi@mannrettindi.is og ub@barn.is fyrir 20. ágúst nk.

Bæði umboðsmaður barna og Mannréttindastofnun Íslands eru reiðubúin í frekara samtal og samráð um fullgildingu bókunarinnar.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri
Mannréttindastofnunar Íslands

Afrit:

Mennta- og barnamálaráðherra
Utanríkisráðherra